

283. KIRKJURÁÐSFUNDUR

MÁNUDAGUR 29. OKTÓBER 2018 KL 9:30

AUKAFUNDUR

haldinn á Biskupsstofu, Reykjavík

FUDNARGERÐ

- 1) Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.
- 2) Kirkjuþing 2018
 - a) Skýrsla kirkjuráðs til kirkjuþings um störf sín.
 - b) Skýrsla kirkjuráðs til kirkjuþings um fjármál þjóðkirkjunnar.
- 3) Fjármál
 - a) Rekstraráætlun biskupsstofu fyrir árið 2019, drög til kynningar á kirkjuþingi.
 - b) Tillögur að rekstraráætlunum sjóða og stofnana kirkjunnar drög til kynningar á kirkjuþingi:
Tillögur fjármálahóps kirkjuráðs að rekstraráætlunum sjóða kirkjunnar:
 - Kirkjumálasjóður,
 - Kristnisjóður,
 - Jöfnunarsjóður sókna,
 - c) Tónskóli þjóðkirkjunnar, tillaga kirkjutónlistarráðs að rekstraráætlun 2019.
 - d) Skálholtsstaður, tillaga stjórnar að rekstraráætlun 2019.
 - e) Ársreikningar:
 - Kirkjumálasjóður
 - Skálholtsstaður
 - Tónskóli þjóðkirkjunnar.
- 4) Málefni Skálholts
 - a) Erindi vígslubiskups varðandi viðhald Skálholtsdómkirkju og fleiri mál.
Uppgjörsmál ábúanda.
- 5) Önnur mál.

1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

Fundurinn hófst kl. 9:30. Agnes M. Sigurðardóttur biskup Íslands stýrði fundi. Þá sátu fundinn kirkjuráðsmennirnir séra Elínborg Gísladóttir, séra Gísli Gunnarsson, Svana Helen Björnsdóttir og Stefán Magnússon.

Jafnframt sátu fundinn Oddur Einarsson framkvæmdastjóri kirkjuráðs sem ritaði fundargerð, Þorvaldur Víðisson biskupsritari Skúli Guðmundsson lögfræðingur kirkjumálasjóðs og Guðrún Finnbjarnardóttir ritari kirkjuráðs. Þá sátu fundinn undir dagskrárlið 4 Kristján Björnsson vígslubiskup í Skálholti og Drífa Hjartardóttir formaður stjórnar Skálholts, Sigurbjörg Hansen fjármálastjóri biskupsstofu undir liðum 3. a. og 3. d.

2. KIRKJUÞING

- a) *Skýrsla kirkjuráðs til kirkjuþings um störf sín.*
Drög skýrslunnar lögð fram.
- b) *Skýrsla kirkjuráðs um fjármál þjóðkirkjunnar.*
Drög skýrslunnar lögð fram.

3. FJÁRMÁL

- a) *Rekstraráætlun biskupsstofu fyrir árið 2019, drög til kynningar á kirkjuþingi.*
Fjármálastjóri biskupsstofu kynnti áætlunina og meðfylgjandi greinargerð. Tekjur eru áætlaðar 2.659 m.kr. og gjöld eru áætluð 2.632,3 m.kr. Fjárfestingagjöld eru áætluð 14 m.kr. og tekjuafgangur 12,7 m.kr. Kirkjuráð ályktar að áætlunin verði lögð fram til kynningar á komandi kirkjuþingi.

- b) *Tillögur að rekstraráætlunum sjóða og stofnana kirkjunnar drög til kynningar á kirkjuþingi:*

Tillögur fjármálahóps kirkjuráðs að rekstraráætlunum sjóða kirkjunnar:

- Kirkjumálasjóður,

Framlag skv. frumvarpi til fjárlaga 2019 er 316,2 m.kr. Tekjuafgangur af almennri starfsemi er áætlaður 45,7 m.kr. og færist hann til tekna á fasteignasviði. Tekjur fasteignasviðs eru áætlaðar 137,1 m.kr. og er þeim öllum ráðstafað til verkefna sviðsins. Framlag til viðhaldsverkefna verður 74,9 m.kr. en var 47,9 m.kr. samkvæmt áætlun yfirstandandi árs. Hækkun milli ára er 56,4%. Kirkjuráð ályktar að vísa áætluninni til kynningar á komandi kirkjuþingi.

- Kristnisjóður,

Framlag skv. frumvarpi til fjárlaga 2019 er 75,9 m.kr. Lögbundið framlag er hins vegar 148,4 m.kr. og er gert ráð fyrir að mismunurinn komi sem framlag á fjáráukalögum ársins. Gert er ráð fyrir að almenn rekstrargjöld verði 52,5 m.kr. og afgangur af almennum rekstri verði þannig 95,9 m.kr. Þá er gert ráð fyrir að veittir verði styrkir úr sjóðnum að fjárhæð 69,5 m.kr.

og rekstrarafgangur sjóðsins verði þannig 26,4 m.kr. Ekki tókst að taka afstöðu til fimm styrkbeiðna, samtals að fjárhæð 7,3 m.kr. og er skrá um þær meðfylgjandi áætluninni. Kirkjuráð ályktar að vísa þeim til umfjöllunar í fjármálahópi til undirbúnings endanlegrar ákvörðunar á desemberfundi kirkjuráðs. Kirkjuráð ályktar að vísa áætluninni til kynningar á komandi kirkjuþingi.

- Jöfnunarsjóður sókna,

Framlag skv. frumvarpi til fjárlaga 2019 er 405,5 m.kr. Alls var sótt um styrki að fjárhæð 920,7 m.kr. Gerð er tillaga um úthlutun að fjárhæð samtals 334,9 m.kr. til sókna landsins, til safnaða erlendis og til æskulýðsmiðstöðvar í Vatnaskógi. Framlöggin skiptast þannig að til sókna landsins renna 323,9 m.kr. til safnaða erlendis 5 m.kr. og til Æskulýðsmiðstöðvar í Vatnaskógi 8 m.kr. Kostnaðarhlutdeild í rekstri biskupsstofu verður 8 m.kr. Gert er ráð fyrir að rekstrarafgangur verði þannig 62,6 m.kr. Frestað var að taka afstöðu til þriggja umsókna vegna þess að upplýsingar skorti eða þær töldust ekki fullnægjandi. Kirkjuráð ályktar að vísa þeim til umfjöllunar í fjármálahópi til undirbúnings endanlegrar ákvörðunar á desemberfundi kirkjuráðs. Kirkjuráð ályktar að vísa áætluninni til kynningar á komandi kirkjuþingi.

c) Tónskóli þjóðkirkjunnar, tillaga kirkjutónlistarráðs að rekstraráætlun 2019.

Gert er ráð fyrir að tekjur Tónskólans verði 31,4 m.kr. Framlag kirkjumálasjóðs verði 28,7 m.kr. og mismunurinn sértekjur skólans. Gert er ráð fyrir að öllum tekjum skólans verði varið til verkefna hans og að jöfnuður verði í rekstrinum. Sú breyting verður á rekstrinum að rekstrarliðurinn Verkefnastjóri kirkjutónlistar hverfur úr áætluninni. Kirkjuráð ályktar að vísa áætluninni til kynningar á komandi kirkjuþingi.

d) Skálholtsstaður, tillaga stjórnar að rekstraráætlun 2019.

Gert er ráð fyrir að tekjur verði 106,5 m.kr., framlög verði 38,4 m.kr. og rekstrartekjur 68,1 m.kr. Þá er gert ráð fyrir að gjöld nemi u.þ.b. sömu fjárhæð og skiptist þannig að laun og launatengd gjöld verði 69,3 m.kr., annar rekstrarkostnaður verði 36,7 og afskriftir nemi 0,5 m.kr. Kirkjuráð ályktar að fela fjármálahópi að yfirfara áætlunina og gera tillögur að samræmingu hennar við þær áætlanir aðrar sem hafa áhrif á hana. Kirkjuráð ályktar að vísa áætluninni til kynningar á komandi kirkjuþingi.

e) Ársreikningar:

- Kirkjumálasjóður

Ársreikningur fyrir árið 2017 lagður fram. Tekjur námu 406,3 m.kr., gjöld námu 464 m.kr. og tekjuhalli fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld var 57,7 m.kr. Hrein fjármagnsgjöld voru 17,6 m.kr. og tekjuhalli ársins var því 75,4 m.kr. Eignir samtals voru 3.834,8 m.kr., skuldir voru 387,6 m.kr. og eigið fé samtals því 3.447,2 m.kr.

- Skálholtsstaður

Ársreikningur fyrir árið 2017 lagður fram. Tekjur voru 110,8 m.kr., gjöld voru 99,2 m.kr. og tekjuafgangur fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld 11,6 m.kr. Hrein fjármagnsgjöld voru kr. 858.554 og tekjuafgangur ársins því 10,7 m.kr. Eignir samtals voru 59,3 m.kr. Skuldir voru 7,3 m.kr. og eigið fé því samtals 52 m.kr.

- Tónskóli þjóðkirkjunnar.

Ársreikningur fyrir árið 2017 lagður fram. Tekjur voru 47 m.kr., gjöld voru 44,4 m.kr. og

tekjuafgangur fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld 2,6 m.kr. Fjármunatekjur voru kr. 25.317 og tekjugangur ársins því 2,6 m.kr. Eignir samtals voru 9,6 m.kr. Skuldir voru 2,2 m.kr. og eigið fé því samtals 7,4 m.kr.

4. MÁLEFNI SKÁLHOLTS

a) *Erindi vígslubiskups varðandi viðhald Skálholtsdómkirkju og fleiri mál.*

Erindið lagt fram. Vígslubiskup hafði framsögu um erindið. Erindinu var vísað til fjármálahóps kirkjuráðs.

b) *Uppgjörsmál ábúanda.*

Málið var áður á dagskrá 281. fundar og þar ályktað að fela fasteignasviði og lögfræðingi kirkjumálasjóðs að fara yfir það með það fyrir augum að finna flöt á lausn þess. Kirkjuráð ályktar að fela framkvæmdastjóra að ganga frá veðleyfi til handa ábúanda vegna uppgjors hans við fyrrverandi ábúanda. Veðleyfið verði gegn tryggingu í hinu keypta lausafé, bústofni og vélum og fjárhæð þess verði ekki hærri en sem nemi mati til þess bærra sérfræðinga á verðmæti þess sem keypt er og við það miðað að selja þurfi það aftur eigi síðar en á fardögum 2019 ef ekki nást samningar um framlengingu ábúðarsamnings. Samþykkt.

5. ÖNNUR MÁL

a) *Nýskráningar í þjóðkirkjuna.*

Framkvæmdastjóra var falið að afla upplýsinga frá Þjóðskrá Íslands um nýskráningar í þjóðkirkjuna.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:00.

Næsti fundur er áætlaður 13. nóvember 2018.

Agnes. M. Sigurðardóttir
biskup Íslands

Oddur Einarsson,
framkvæmdastjóri kirkjuráðs

Séra Elínborg Gísladóttir

Séra Gísli Gunnarsson

Svana Helen Björnsdóttir

Stefán Magnússon